Bolungarvík
Tungaskógur
18
Suðureyri
Flateyri
Ísafjörður
Súðavík
Botn
17
Þingeyri
Sveinseyri
Drengjaholt
16
15
Bíldudalur
Patreksfjörður
Tálknafjörður
Kálfanesborgir
19
Hólmavík
Barmahlíð
14
Grensás
13
Stykkishólmur
Búðardalur
Tröð
12
Rif
Hellissandur
Grundarfjörður
Ólafsvík
Hofsstaðaskógur
11
Jafnaskarðsskógur
10
Daníelslundur
9
Reykholt
8
Stálpastaðaskógur
7
Borgarnes
Fossá
6
Akranes
Furulundur
48
Mógilsá
5
Vinaskógur
49
Höfuðborgarsvæðið
Garður
Sandgerði
Sólbrekkur
Reykjanesbær
50
Vogar
Hafnir
Grindavík
Hamarinn
47
Snæfoksstaðir
45
Hveragerði
46
Hellisskógur
Selfoss
Þorlákshöfn
Eyrarbakki
Stokkseyri
43
Ásabrekka
Hella
Tumastaðir
41
Hvolsvöllur
Þórsmörk
40
Skógar
39
Vestmannaeyjar
Vík
Haukadalsskógur
44
Þjórsárdalur
42
Bæjarstaðarskógur
37
Systraskógur
38
Kirkjubæjarklaustur
Haukafell
36
Höfn
Höfuðborgarsvæðið
Hamrahlíð
4
Mosfellsbær
Reykjavík
Kópavogur
Guðmundarlundur
Heiðmörk
Garðabær
2
1
Hafnarfjörður
3
Höfðaskógur
Skarðdalur
23
Siglufjörður
Ólafsfjörður
Dalvík
Hofsós
Skagaströnd
Hólaskógur
22
Hrútey
20
Sauðárkrókur
Blönduós
Reykjarhólsskógur
21
Varmahlíð
Hvammstangi
Kjarnaskógur
24
Akureyri
Grundarreitur
25
27
Vaglaskógur
Leyningshólar
26
Botnvatnsskógur
28
Húsavík
Ásbyrgi
29
Akurgerði
30
Kópasker
Raufarhöfn
Þórshöfn
Bakkafjörður
Tangaskógur
31
Vopnafjörður
Egilsstaðir
Seyðisfjörður
Neskaupstaður
34
Neskaupstaður
Hallormsstaðarskógur
32
33
Eyjólfsstaðaskógur
Ekkifjörður
Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður
Breiðdalsvík
Hálsaskógur
35
Djúpivogur

Útibú Arion banka
Þéttbýliskjarni
Stofnvegur
Tengivegur

Skógræktarfélag Íslands

Arion banki

ALÞJÓÐLEGT ÁR SKÓGA · 2011

Víða um land standa stórir sem smáir skógar sem eru opnir almenningi allan ársins hring. Þar er gott að staldra við um stund, teygja úr stirðum leggjum og njóta þess að vera í náttúrunni. Óviðjafnanlegur skógarilmur fyllir vitin og óþreyjufullir fuglasöngur lætur í eyrum. Sumir kjósa að bregða sér í göngu milli trjáa á meðan aðrir gæða sér á nesti í grænni lautu. Börnin láta heillast af þessum dulmagnaða ævintýraheimi. Víst er að allir í fjölskyldunni snúa endurnærðir á sál og líkama úr skóginum. ***Verið velkomin.***



Gleðilegt ferðasumar

Arion banki er bakhjarl Skógræktarfélags Íslands. Hluti af samstarfinu er að miðla og kynna almenningi alhliða upplýsingar um tré og skóga á Íslandi og er útgáfa þessa skógarkorts liður í því. Einnig er bankinn einn af styrktaraðilum Opinna skóga en framlag bankans fer í uppbyggingu fyrirmyndarútivistaraðstöðu í skógunum.

Vonandi nýtist kortið vel á ferðalögum um landið.
Á kortinu eru upplýsingar um staðsetningu, aðstöðu, þjónustu og lýsing á svæðunum.

Gleðilegt ferðasumar,
Arion banki

Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is

Arion banki

1 Heiðmörk

N 64°05'18.72"
V 21°45'37.94"

Útivistarparadís borgarbúa. Heiðmörk er stærsta útivistarsvæðið í nágrenni höfuðborgarinnar og býður upp á ótal möguleika til útivistar og afþreyingar allan ársins hring. Gott aðgengi er að svæðinu fyrir fólk hvort sem það kemur akandi, ríðandi eða á tveimur jafnfljótum og fjöldi skemmtilegra áningarstaða af ýmsum stærðum.

2 Guðmundarlundur í Kópavogi

N 64°04'26.55"
V 21°49'33.68"

Gróðurvin við bæjarmörkin. Guðmundarlundur er lítill og snotur trjálundur í útjaðri Kópavogs þar sem byggð hefur verið upp glæsileg aðstaða. Þar er ekki aðeins að finna fjölbreyttan trjágróður heldur stórmerkilegt plöntusafn Hermanns Lundholms garðyrkjustjóra.

3 Höfðaskógur við Hvaleyrarvatn

N 64°02'24.75"
V 21°55'46.02"

Glæsilegur rósagarður. Í Höfðaskóg er gott að fara þegar maður vill komast úr skarkala borgarinnar og slaka á í dásamlegu umhverfi Hvaleyrarvatns um stund. Höfðaskógur hefur upp á allt að bjóða sem prýtt getur góðan skóg og einn glæsilegasta rósagarð landsins að auki.

4 Hamrahlíð í Mosfellsbæ

N 64°09'07.78"
V 21°44'13.85"

Yndisreitur við Vesturlandsveg. Skógræktarsvæðið við Hamrahlíð í Úlfarsfelli er fjölsótt af höfuðborgarbúum enda í alfaraleið. Þrátt fyrir nálægð við Vesturlandsveg ríkir ró og friður þegar inn í skóginn er komið og fuglasöngur það eina sem rýfur þögnina.



11 Hofsstaðaskógur á Snæfellsnesi

N 65°50'09.69"
V 22°49'51.33"

Jökulinn ber við tjátoppana. Hofsstaðaskógur, einn helsti skógurinn á sunnanverðu Snæfellsnesi, liggur við þjóðveginn, skammt vestan við Hofsstaðabæinn og er því mjög aðgengilegur fyrir ferðamenn. Á góðum degi er frábært útsýni til Snæfellsjökuls frá Hofsstöðum.

12 Tröð við Hellissand

N 64°54'50.04"
V 23°52'55.00"

Dulmagnaður trjáreitur. Tröð liggur sunnan við þjóðveginn um Hellissand og þar er nú fyrirmyndar aðstaða til þess að slaka á og njóta fagurs útsýnis, þar sem Snæfellsjökull trónir dulráður í suðri. Í Tröðinni er forláta steingrill, borð og bekkir og trjátegundamerkingar.

13 Grensás við Stykkishólm

N 65°05'03.47"
V 22°44'12.82"

Unaðsreitur við Breiðafjörð. Grensás er skemmtilegt skógræktarsvæði í jaðri Stykkishólms sem er tilvalið að heimsækja um leið og maður kemur við í bænum fagra við Breiðafjörð. Auk hárra trjáa vex fjöldi lágplantna á svæðinu auk þess sem dýra- og fuglalíf er afar fjölbreytt.

14 Barmahlíð við Barðaströnd

N 65°30'47.78"
V 22°06'45.72"

Hlíðin mín fríða. Barmahlíð við Barðaströnd var gerð ódauðleg í samnefndu kvæði Jóns Thoroddsen þar sem hann yrkir um hlíðina fríðu. Þar vex nú mikill og blómlegur skógur þar sem sum af stærstu sitkagrenitrjám á Vestfjörðum standa upp úr.

15 Drengjaholt við Patreksfjörð

N 65°35'28.56"
V 23°57'20.29"

Allstór birkiskógur. Í Drengjaholti við Patreksfjörð er að finna allstóran birkiskóg auk þess sem aðrar tegundir dafna þar ágætlega, þar á meðal sitkagreni og reynivið sem fuglar hafa að öllum líkindum borið með sér úr görðum bæjarins.

16 Guðmundarskógur í Tálknafirði

N 65°37'45.96"
V 23°50'40.50"

Jafnaldri lýðveldisins. Elsti hluti Guðmundarskógar er jafngamall íslenska lýðveldinu en fyrst var gróðursett þar árið 1944. Í jaðri skógarins er sundlaug og tjaldsvæði sem eykur enn frekar útivistarmöguleika þessa skemmtilega svæðis.

21 Reykjarhólsskógur

N 65°53'07.19"
V 19°27'21.80"

Gróðurvin við þjóðveginn. Reykjarhólsskógur teygir sig upp með hlíðinni fyrir ofan byggðina í Varmahlíð í Skagafirði. Skógurinn er í alfaraleið og því upplagt fyrir ferðalanga á leið um þjóðveginn að staldra þar við um stund, njóta náttúrunnar og safna kröftum.

22 Hólaskógur í Skagafirði

N 65°44'13.04"
V 19°07'12.02"

Sagan við hvert fótmál. Á Hólum er hægt að tjalda í fagurgrænum trjálundum, vakna við fuglasöng og bregða sér í gönguferð um söguslóðir. Þá hefur Hólastaður einnig upp margt að bjóða fyrir ferða- og útivistarfólk.

23 Skarðdalur

N 65°07'39.74"
V 19°03'17.15"

Heillandi heimur. Í Skarðdal, steinsnar frá byggðinni á Siglufirði, vex skógarreitur sem lætur ekki mikið yfir sér úr fjarska en þegar inn í skóginn er komið blasir við manni heillandi heimur með fallegum fossi, bugðóttum stígum og hávöxnum trjám.

24 Kjarnaskógur

N 65°39'48.27"
V 18°05'49.02"

Aðstaða til fyrirmyndar. Kjarnaskógur er aðalútivistarsvæði Akureyringa og er aðstaða þar með því besta sem þekkist í skógum hér á landi. Þar eru meðal annars upplýstar brautir, trimmtæki og leikvellir.

31 Tangaskógur á Vopnafirði

N 65°45'39.05"
V 14°50'25.79"

Kraftmikil skógrækt. Landgræðsluskógurinn á Tanga vex í fjölbreyttu klettalandslagi ofan byggðar og teygir sig að Nýpslóni. Þar er áranguinn undraverður þrátt fyrir norð-austanátt frá opnu hafi. Vaxandi skjól er af skóginum á Tanga og nýtur hann töluverðra vinsælda meðal heimamanna sem og þeirra sem sækja bæinn heim.

32 Hallormsstaðarskógur

N 65°05'40.17"
V 14°44'39.68"

Stærsti skógur landsins. Hallormsstaðarskógur er talinn stærsti skógur á Íslandi og þar er Skógrækt ríkisins með höfuðstöðvar sínar. Umfangsmikil starfsemi fer fram í skóg-inum og þar er aðstaða eins og best verður á kosið. Mælt er með því að fólk gefi sér góðan tíma í Hallormsstaðarskógi.

33 Eyjólfsstaðaskógur á Héraði

N 65°11'01'42.35"
V 14°28'42.09"

Ægifagurt umhverfi. Í Eyjólfsstaðaskógi á Héraði vaxa barrtré í bland við birkiskóg. Umhverfi skógarins er ægi-fagurt, fjöldi lækja rennur niður hlíðina og frábært útsýni er yfir Hérað. Góð aðstaða er í skóginum fyrir ferðafólk.

34 Neskaupstaður

N 65°09'09.06"
V 13°40'35.97"

Útivistarparadís. Skógræktin ofan byggðar í Neskaupstað er fjölsótt af heimafólki sem ferðamönnum allan ársins hring enda kjörin til útivistar, náttúruskoðunar og heilsueflingar.

35 Hálsaskógur við Djúpavog

N 64°39'30.42"
V 14°19'34.84"

Merkilegar jarðmyndanir. Í Hálsaskógi skammt vestan við Djúpavog er að finna mannvistarleifar, merkilegar jarðmyndanir og fallega kletta auk trjáa af öllum stærðum og gerðum. Aðstaða til útivistar og áningar er öll til fyrirmyndar.

36 Haukafell í A-Skaftafellssýslu

N 64°20'46.12"
V 15°30'17.03"

Gróska og auðn. Í Haukafelli í Skaftafellssýslu má sjá miklar andstæður í náttúru landsins, annars vegar kaldan jökulinn, aur og möl og hins vegar, gróskumiklar hlíðar og trjágróður sem verður meira áberandi með hverju ári.

41 Tumastaðir

N 63°44'23.25"
V 20°05'35.07"

Fágætar trjátegundir. Á Tumastöðum í Fljótshlíð höfst skógrækt sama ár og lýðveldi var stofnað á Íslandi en fyrir þann tíma var þar lítil gróður. Þar vaxa meðal annars ýmsar sjaldséðar tegundir svo sem askur, eik og marþöll.

42 Þjórsárdalur

N 64°07'00.45"
V 19°55'35.46"

Ævintýralegt umhverfi. Í Þjórsárdal vex mikill og þéttur skógur í umhverfi sem myndi sóma sér vel í hvaða ævintýramynd sem er. Í næsta nágrenni er margt að skoða og sjá fyrir þá sem hafa áhuga á sögu og náttúru og því upplagt að gefa sér góðan tíma í Þjórsárdal.

43 Ásabrekka

N 63°53'22.58"
V 20°33'03.98"

Fjölskylduvænn reitur. Trjáreiturinn í Ásabrekku er við þjóðveg 1 og því tilvalinn áningarstaður fyrir ferðalanga á leið um Suðurland. Reiturinn er lítill og vinalegur og um hann liggur skemmtileg hringleið sem er upplagt fyrir fjölskylduna að feta saman.

44 Haukadalsskógur

N 64°19'52.05"
V 20°17'18.94"

Stígur fyrir hjólastóla. Skógurinn í Haukadal er einn sá stærsti á Suðurlandi og þar hefur mikill metnaður verið lagður í uppbyggingu aðstöðu. Meðal annars er þar sérhannaður stígur fyrir hjólastóla og grillhús sem byggt er alfarið úr viði úr sunnlenskum skógum.

45 Snæfoksstaðir í Árnessýslu

Útsýni yfir Grímsnesið. Á Snæfoksstöðum vex fjölbreyttur skógur á hundruðum hektara og er svæðið því tilvalið til útivistar fyrir þá sem dvelja í sumarhúsum í Grímsnesi eða eiga leið um. Við Kolgrafarhól er skemmtileg gönguleið og frábært útsýni yfir sveitina.

46 Hellisskógur við Selfoss

N 63°56'52.77"
V 20°59'22.35"

Lautarferð við Ölfusá. Hellisskógur vex við byggðina á Selfossi, á vesturbakka Ölfusár. Þar hefur verið ötullega unnið að gróðursetningu undanfarin ár og búið er að koma upp skemmtilegum áningarstöðum fyrir gesti og gangandi.

5 Mógilsá í Kollafirði

N 64°15'36.27"
V 21°45'29.03"

Samansafn kynlegra kvista. Á Mógilsá í Kollafirði leynast margir kynlegir kvistir og framandi tré hvaðanæva að, þar á meðal fágætar tegundir á borð við risalerki, broddhlyn og lindifé. Þar stendur til að koma upp trjásafni í náinni framtíð.

6 Fossá í Hvalfirði

N 64°21'11.40"
V 21°27'54.50"

Perlan í Hvalfirði. Á jörðinni Fossá, innarlega í Hvalfirði, vex mikill og fjölbreyttur skógur í skemmtilegu umhverfi. Fossáin sjálf er hreinasta perla með fallegum fossum og hrikalegum klettamyndunum.

7 Stálpastaðarskógur í Skorradal

N 64°31'17.67"
V 21°26'34.68"

Stærstu jólatré landsins. Mörg stærstu jólatré landsins, þau sem prýða torg og opinber svæði í borgum og bæjum, eiga rætur að rekja til Stálpastaðarskógar í Skorradal. Þar vex einn stærsti sitkagreniskógur á Íslandi í grennd við blómlega sumarhúsabyggð.

8 Reykholt í Borgarfirði

N 64°40'01.26"
V 21°17'48.28"

Skógrækt á slóðum Snorra. Í Reykholti í Borgarfirði, á sömu slóðum og sagnaritarinn Snorri Sturluson, lifði og dó, stendur myndarlegur skógarreitur sem laðað hefur til sín margan forvitinn ferðalanginn. Þar er einnig fallegt skógarrjóður sem kennt er við skáldið og náttúrufræðinginn Eggert Ólafsson.

9 Daníelslundur

N 64°39'30.35"
V 21°42'38.02"

Viðsýnt um blómlegar sveitir. Daníelslundur er vinsæll áningarstaður ferðalanga á leið um Vesturland enda í alfaraleið við þjóðveginn. Þar eru gönguleiðir við allra hæfi og viðsýnt um blómlegar sveitir Borgarfjarðar.

10 Jafnaskarðsskógur

N 64°45'17.91"
V 21°05'46.19"

Perlan við Hreðavatn. Skógurinn í Jafnaskarði við Hreðavatn er lítt þekkt útivistarperla, skammt frá höfuðborgarsvæðinu, sem er svo sannarlega þess virði að heimsækja. Skemmtilegur göngustígur liggur um fjölbreytt landslagið og á leiðinni er hægt að staldra við á óviðjafnanlegum útsýnisstöðum.



17 Botn í Dýrafirði

N 65°50'15.63"
V 23°09'34.00"

Sterkar andstæður náttúrunnar. Skógurinn í Botni nýtur sín vel í störfenglegu umhverfi Dýrafjarðar þar sem blasa við sterkar andstæður náttúrunnar. Þetta er svæði sem er fyllilega þess virði að heimsækja þó að það sé nokkuð úr alfaraleið.

18 Tunguskógur

N 65°03'38.18"
V 23°12'42.87"

Sannkallaður ævintýraheimur. Í Tungudal er útivistarparadís Ísfirðinga þar sem hægt er að stunda fjölbreytta útivist í ægifagurri náttúru. Helsta aðdráttarafl dalsins er Tunguskógur þar sem blandast saman náttúrulegur birkiskógur og gróðursettur skógur.

19 Kálfanesborgir við Hólmavík

N 65°42'13.27"
V 21°40'57.61"

Kjörinn til útivistar. Í Kálfanesborgum, steinsnar frá byggðinni í Hólmavík, vex skógur sem kjörinn er til útivistar. Um svæðið liggur skemmtileg gönguleið og vel búið tjaldsvæði er í næsta nágrenni.

20 Hrútey við Blönduós

N 65°39'31.13"
V 20°16'04.24"

Paradísareyja í alfaraleið. Hrútey stendur í ánni Blöndu þar sem hún rennur í jaðri Blönduóskaupstaðar, steinsnar frá þjóðvegi 1. Skemmtilegir göngustígar liggja um eyjuna og rjóður með bekkjum og borðum þar sem hægt er að eiga góða stund í faðmi náttúrunnar.

25 Grundarreitur í Eyjafirði

N 64° 02.761
V 21° 22.788

Sögufrægur skógur. Grundarreitur í Eyjafirði lætur lítið yfir sér en er þó mjög merkilegur enda einn elsti gróðursetti skógurinn á Íslandi. Blæaspirnar í Grundarreit eru stærstu tré þeirrar tegundar á landinu.

26 Leyningshólar í Eyjafirði

N 65°10'57.61"
V 18°16'33.54"

Leifar fornra skóga. Í Leyningshólum er að finna einu leifar hinna miklu birkiskóga sem skrýddu Eyjafjörð til forna og er lögð áhersla á að viðhalda skóginum sem náttúru-minjum. Þar má meðal annars finna birkitré sem líkjast hengibjörkum, það er með hangandi og slútandi greinum.

27 Vaglaskógur

N 65°43'04.79"
V 17°53'35.28"

Einn stærsti skógurinn. Vaglaskógur er með stærstu skógum landsins og þar hefur verið stunduð skógrækt frá upphafi Skógræktar ríkisins. Þar er einnig að finna bogabrúnna yfir Fnjóská sem er sú fyrsta sinnar tegundar á Íslandi.

28 Botnsvatnsskógur við Húsavík

N 66°02'01.62"
V 17°16'10.46"

Einn stærsti útivistarskógurinn. Við Botnsvatn, skammt frá Húsavík, vex skógur sem í framtíðinni verður einn allra stærsti útivistarskógur hér á landi. Þá er Botnsvatn hreinasta perla þar sem hægt er að renna fyrir fisk í skjóli skógar.

29 Ásbyrgi

N 66°00'09.56"
V 16°30'40.53"

Hrikaleg fegurð Ásbyrgis. Fáir staðir á Íslandi jafnast á við Ásbyrgi í fegurð og hrikaleik. Þar vex skógur og kjarr í stórgerðu skeifulaga jarðsigi þar sem sjá má fjölbreyttar klettamyndanir. Góð aðstaða fyrir útivistarfólk er í Ásbyrgi.

30 Akurgerði í Öxarfirði

N 66°02'49.68"
V 16°26'19.26"

Fjölskrúðugur sælureitur. Akurgerði í Öxarfirði er við þjóðveginn skammt norðan Ásbyrgis. Fjölbreytnin ræður ríkjum í Akurgerði og þar er mikið af fuglum, fjöldi blómplantna, ýmis smádýr, margar tegundir sveppa og ágæt berjaspretta.

37 Bæjarstaðarskógur

N 64°03'38.03"
V 17°01'38.35"

Eðalbirki í afskekktum dal. Birki úr Bæjarstaðarskógi er rómað um land allt fyrir tign sína og fegurð. Skógurinn liggur utan alfaraleiðar og þurfa menn því að leggja á sig nokkurt ferðalag um ægifagra náttúru Skaftafells til að sjá Bæjarstaðarbirkið á heimaslóðum. Ferðin er þó fyrirhafnarinnar virði.

38 Systraskógur á Kirkjubæjarklaustri

N 63°47'12.52"
V 18°03'35.81"

Stærsta grenitré landsins. Á Kirkjubæjarklaustri vaxa fjölbreyttir skógarlundir í mögnuðu umhverfi þar sem klettar, hellar og fossar koma við sögu. Þar er að finna eitt stærsta sitkagrenitré landsins.

39 Skógar undir Eyjafjöllum

N 63°31'42.64"
V 19°29'41.77"

Skógrækt undir Eyjafjöllum. Á Skógum undir Eyjafjöllum vex fallegur skógur við gamla héraðsskólann og Skógasafn. Þar er gott að staldra við um stund eftir langa bílferð, njóta náttúrunnar og koma blóðinu á hreyfingu á ný.

40 Þórsmörk

N 63°41'28.71"
V 19°32'32.04"

Töfrar Þórsmerkur. Aka þarf yfir ár og vatnsföll til að komast í Þórsmörk en þegar þangað er komið blasir við manni töfraheimur. Mörkin er einn vinsælasti áningarstaður innlendra sem erlendra ferðamanna á Íslandi.

47 Hamarinn í Hveragerði

N 64°00'21.86"
V 21°11'36.29"

Trjárækt í skjóli kletta. Við Hamarinn í Hveragerði hófst skógrækt á sjötta áratugnum og setur skógurinn sterkan svip á umhverfið. Þrátt fyrir misjafnar aðstæður hafa tréin dafnað vel og mörg hver orðin býsna há og tignarleg.

48 Furulundurinn á Þingvöllum

N 64°16'04.55"
V 21°06'53.37"

Upphaf skógræktar á Íslandi. Furulundurinn er rétt norðan við Öxarárfoss og er vel þess virði að koma þar við á ferð um þjóð-garðinn. Hann er einn elsti gróðursetti skógur landsins og dregur nafn sitt af bergfurum sem settu svip sinn á hann framan af síðustu öld. Nú ægir þar saman ýmsum trjátegundum.

49 Vinaskógur á Þingvöllum

Sérstakur á heimsvísu. Vinaskógur á Þingvöllum er sérstakur á heimsvísu að því leyti að þar hafa þjóðhöfðingjar fjölda ríkja gróðursett tré. Stofnað var til lundarins í tilefni Landgræðsluskóga en Vigdís Finnbogadóttir, þáverandi forseti Íslands, var verndari þeirra.

50 Sólbrekkur á Suðurnesjum

N 63°57'00.37"
V 22°26'04.89"

Skjólsæll og fallegur. Sólbrekkuskógur er skjólsæll og fallegur skógur sem nýtur vaxandi vinsælda sem útivistar- og áningarstaður. Skammt sunnan hans er falleg tjörn sem eykur enn möguleika til útivistar á svæðinu.

Útskýringar

- Tjaldsvæði
- Salernisaðstaða
- Göngustígar
- Leiksvæði
- Grill
- Útsýnisstaður
- Veiði
- Fornminjar
- Borð og bekkir
- Trjásýnisreitur